

Mál Jóns Eggertssonar þar sem galdrablöð voru lítill hluti af pólitískum átökum kom fyrir á alþingi, sjá [1680](#) .

Í Hrútafirði í Strandasýslu féll Björn Höskuldsson með þeirri konu er skilgetin bróðir hafði áður með fallið. Voru bæði flutt til alþingis; var konunni þar drekkt en Björn slapp úr járnum á alþingi með því móti að þessi kona (Helga Gunnarsdóttir) komst að lyklunum og gat upp lokið hans handjárnnum en hann sjálfur síðan fótjárnunum. Björn stal hesti og reið síðan á Vestfirði og sigldi með engelsku varnarskipi.

Ókyrrleiki í Hnappadalssýslu líka af Vestfjörðum svo 11 manns þar meintust af gerningum þvingaðir vera.

Um haustið rak mikla síld á Hrútafirði er sumir nefndu marpvöru, svo hún var í lestarferðum sótt úr næstu sveitum. Ei var það kölluð heilnæm fæða þá hún tók að eldast.

Á prestastefnu í Skagafirði var fullyrt að biskupsefni konungsvaldsins, Jón Vigfússon yngri, hefði verið borinn galdur ( [sjá 1671](#) ). Var það ein ástæða þess að prestar vildu ekki samþykkja embættisveitingu Heidemanns fógeta.

Reið landfógeti Heidemann vestur undir Jökul og minntist á [líflát Sveins](#) er brenndur hafði verið. Auglýsti Heidemann kongl. instrux að stórbrotamenn skyldu ekki hér í landi réttast fyrr en kóngsins andsvar væri þar um komið. Ætlaði hann vestur til Selárdals en hindraðist sökum snjóa og ófærða.